



Félag húseinenda á Spáni kt. 561189-1029 hér eftir nefnt FHS og Ásgerður Ágústa Andreasen kt 120658-3959 hér eftir nefnd fulltrúi gera með sér eftirfarandi samstarfssamning.

Markmið: Gæta öryggis og hagsmuna félagsmanna FHS

Fulltrúi fær í hendur síma frá FHS og er notkun sem tengist störfum fyrir félagið greitt af FHS .

Öryggissími er ætlaður fyrir FHS félaga og fjölskyldur (félagsmaður, maki og börn) þeirra eingöngu til að hringja í og fá þeir eftirfarandi þjónustu:

- Sólarhringsþjónusta í neyðartilfellum.
- Frá 09-17 á virkum dögum geta félagsmenn haft samband vegna annarra almennra mála sem tengjast dvöl félagsmanns á Spáni.
- Fulltrúi sér til þess að félagsmenn nái sambandi við öryggissíma. Í þeim tilfellum sem samstarfsaðili getur ekki svarað sjálfur þá finnur hann staðgengil á meðan sem talar spænsku.

Fulltrúi veitir félagsmönnum FHS og fjölskyldu hans fría þjónustu í gegnum síma en að auki má hafa samband við hann með rafpósti og svarar hann þeim erindum án endurgjalds.

Fulltrúi þarf í sumum tilfellum að sinna félagsmönnum FHS nánar en hægt er að gera í síma og má í því sambandi nefna túlkþjónustu hverskonar og önnur erindi sem ekki er hægt að sinna í síma. Gjald fyrir þá þjónustu verði eftirfarandi og greiðir viðkomandi félagsmaður fyrir þá þjónustu beint. Í þeim tilfellum sem fulltrúi getur ekki sinnt þannig erindi þá vísar hann á annan sem er hæfur til að sinna verkefninu.

Útkall þar sem tveir tímar eru innifaldir	EUR 25
Verð á tíman umfram tvo tíma	EUR 10

Fulltrúi vinni með stjórn FHS í “Öryggisneti FHS” finni samstarfsaðila sem eru að þjóna Íslendingum og upplýsi um gjaldskrá þeirra. Jafnframt vekur hann athygli á öllu því sem eykur á öryggi félagsmanna og setur inná öryggisnetið í samvinnu við stjórn.

Fulltrúi mun aðstoða FHS félaga við önnur mál eins og skattskýrslu, NIE númer, dvalarleyfi o.s.frv. gegn gjaldi sem félagsmaður og fulltrúi semja um sín í milli en FHS félagar fá þó alltaf bestu kjör á hverjum tíma.

Fulltrúi mun aðstoða stjórn FHS í verkum sem þarf að vinna á Spáni, túlkun eða viðskiptaferðir í þeim tilfellum er greitt fyrir einstök verkefni samkvæmt gjaldkrá hér að ofan.

Fulltrúi setur inn fréttir, upplýsingar og annað efni á heimasíðu og facebook síðu félagsins þegar honum finnst tilefni til þess.



Fulltrúi er talsmaður stjórnar við félagsmenn sem eru á Spáni á hverjum tíma og leitast við að afgreiða mál strax sem upp koma. Ef hann getur það ekki þá kemur hann þeim málum og ábendingum áleiðis til stjórnar.

Fulltrúi kemur reglulega á hittinga íslendinga á svæðinu og verður eins sýnilegur og hann getur mest verið, fulltrúi getur líka átt í samstarfi við aðila sem eru með hittinga erlendis og spurt um fréttir.

Fulltrúi upplýsi um alla viðburði sem hann verður áskynja og skráir þá í viðburðadagatal sem er að finna á heimasíðu félagsins. Fulltrúi aðstoðar stjórn við þetta verkefni eins og hann best getur.

Þóknun:

FHS greiði fulltrúa 35% af félagsgjaldi á hverjum tíma en að lámarki EUR 250 á mánuði.

- Mánaðarlegt þóknun er 250 EUR á mánuði, uppgjör ársins tengt fjölda félagsmanna er greitt í nóvember ár hvert.

Samkomulag þetta tekur gildi frá og með 01.febrúar 2018 og gildir í 3 mánuði. Á þeim tíma mun FHS auglýsa eftir áhugasömum aðilum sem eru tilbúin að taka að sér að vera fulltrúi FHS á Spáni. Auglýsing fer í loftið 15. Febrúar og þann 15.Mars velur stjórn fulltrúa sem tekur til starfa 1.Maí.

Fh. Stjórnar FHS

Fulltrúi